

Fundargerð

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur á „Teams“, Þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 17:00

Mætt stjórnarfolk: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Konráð K. Baldursson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Gísli Kort Kristófersson, Eva Hrund Einarsdóttir
Gátu ekki mætt: Helga Margrét Freysdóttir, Jovana Kotaras, Kristín Helga Schiöth.
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Eyjafjarðardeildar Rauða krossins fyrir árið 2024.

Ársreikningurinn var lagður fram til umræðu og afgreiðslu.

Reikningurinn hafði áður verið sendur til stjórnarmanna ásamt greinargóðum skýringum deildarstjóra, sem þakkað var fyrir.

Stjórnin samþykkti ársreikninginn fyrir sitt leyti með öllum atkvæðum og mun undirrita hann rafrænt eftir fund.

2. Fjáröflun í tilefni af 100 ára afmælis fyrstu deildar Rauða krossins á Íslandi, Akureyrardeildar.

Áður rætt og drög að fjáröflunarbréfi var sent til stjórnar milli funda. Stjórnin staðfestir samþykki sitt um að bréfið verði sent til stærstu fyrirtækja á starfssvæði deildarinnar og einnig til sveitarfélaga á svæðinu. Rætt að gott og nauðsynlegt væri síðan að fylgja bréfinu eftir.

3. Heimsókn nýs framkvæmdastjórna Rauða krossins, til Eyjafjarðardeildar.

Gísli Rafn Ólafsson nýr framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi kemur í heimsókn miðvikudaginn 5. mars. Honum verður kynnt starf deildarinnar og mun hitta sjálfboðaliða og starfsfólk á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði. Reiknað er með fundi með stjórn kl. 12.15 og æskilegt að stjórnarfolk, sem á þess kost mæti.

4. Önnur mál.

Rætt um undirbúning aðalfundar deildarinnar 2025, sem boðaður er 13. mars, m.a. um skýrslu stjórnar, fundarstjórn og fundarritun.

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Gjaldkeri
Hilmar Friðjónsson

Meðstjórnandi
Kári Fannar Lárusson

Ritari
Sigríður Stefánsdóttir

Meðstjórnandi
Gísli Kort Kristófersson

Varaformaður
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Konráð Karl Baldvinsson

Meðstjórnandi
Eva Hrund Einarsdóttir

Varamaður
Jón Baldvin Hannesson